

MÍT

Vörðupróf II

Saxófónn

Uppbygging Vörðuprófs II við MÍT miðast við uppbyggingu framhaldsprófs.

Á Vörðuprófi II í saxófónleik skal nemandi leika tvö verk, eina æfingu og útdrætti úr hljómsveitarverkum. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val og óundirbúinn nótnalestur. Auk þess er gefið fyrir heildarsvip prófsins.

Verkefni á Vörðuprófi II skulu almennt miðast við léttari verk úr verkefnalista fyrir framhaldspróf.

Prófþættir

1. Tvö ólík verk (15 einingar hvert)
2. Æfing (15 einingar)
3. Útdrættir úr hljómsveitarverkum (10 einingar)
4. Tónstigar og hljómar (15 einingar)
Leiknir skulu tónstigar frá og með fjórum formerkjum.
Krómátískur tónstigi, heiltónatónstigar, dúrar, hljómhæfir- og laghæfir moll-tónstigar.
Þríhljómar og minnkaðir hljómar.
Tónsvið b til f"/fis"
5. Val (15 einingar)
Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
a) Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur verk á prófinu
b) Leiki samleiksverk þar sem hann gegnir veigamiklu hlutverki.
6. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar).
7. Heildarsvipur (5 einingar)

Verkefni og prófkröfur

Tónstigar frá b til f"/fis" - legato og staccato - ákveðið tveimur vikum fyrir próf.

Tveir dúr tónstigar, gangandi þríundir og beinir sem brotnir hljómar í sömu tóntegund.

Tveir moll tónstigar, gangandi þríundir í laghæfum moll og beinir sem brotnir þríhljómar sömu tóntegundar.

Framangreind verkefni skulu leikin frá grunntóni upp á efsta mögulegan hljómtón innan tónsviðsins, niður á dýpsta þríhljómstón og upp á grunntón.

Krómátískur tónstigi

heiltónatónstigi frá b og h

minnkaðir sjöundahljómar frá b, h og c'

stækkaðir þríhljómar frá b, h, c' og cis'

Tónstigar og hljómar leiknir eigi hægar en MM =138 miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur.

Æfing

Þrjú einleikskafnar úr hljómsveitarverki- eða verkum

Tvö stutt verk eða 2 kaflar úr ólíkum verkum

Val - eitt stutt verk eða kafli úr verki að eigin vali (má vera kammerverk).

Óundirbúinn nótnalestur